

IV. OPNUNARGJÖLD.

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá ekki verið greitt, þannig að beita þurfi reglugerðarákvæðum um lokun, skal greiða fyrir enduropnun kr. 6 678.00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni tafarlaust lokað og verður hún eigi opnuð fyrir en notandi hefur greitt gjald, kr. 6 678.00 á skrifstofu rafveitunnar.
3. Fyrir uppsetningu á viðbótarmælitækjum, breytingar á mælingu, svo og aðra þjónustu, sem rafveitan veitir, að ósk notenda, skal greiða gjald, kr. 6 678.00

V. BREYTINGAR Á GJALDSKRÁ.

1. Bæjarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjöld þau, sem ákveðin eru í I., II. og III. kafla þessarar gjaldskrár, um allt að 20%, án staðfestingar ráðuneytis, enda sé breytingin auglýst í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.
2. Gjaldskrá þessi er miðuð við raforkukaup samkvæmt samningi við Rafmagnsveitur ríkisins. Stöðvist flutningur raforku frá landi í samfleytt einn mánuð eða lengri tíma, hækkar rafmagnsverðið frá gildandi gjaldskrá um allt að 50% fyrir jafnlangan tíma.

VI. ÝMIS ÁKVÆÐI.

23.5% söluskattur, ásamt 19% verðjöfnunargjaldi til Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða, er innifalið í gjaldskrá þessari, nema annað sé tekið fram.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 til að taka gildi 10. maí 1980, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 231/1980 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis.

Iðnaðarráðuneytið, 4. júlí 1980.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Rafveitu Borgarness nr. 232, 16. maí 1979
með síðari breytingum.

Frá og með 10. maí 1980 er verðgildi gjaldstigs: 1 g = 35.40 kr.

Verðákvæði 1. kafla. Rafmagnssala verði þannig:

Rafveita Borgarness selur rafmagn á þann hátt og við því verði sem hér segir:

A. ORKU- OG AFLTAXTAR.

A 1 Um mestaafmæli eða markafmæli:	g.	kr.
A 11 Orkuverð, kWst. á	0.3	10.60
A 12 Aflverð árs-kW á	1600.0	56 640.00
A 13 Árgjald = grunngjald + mæligjald	2800.0	99 120.00

B. ORKUTAXTAR.**B 1 Um kWst.-mæli:**

B 11	Orkuverð kWst., á	1.0	35.40
B 12	Árgjald = grunngjald 600 g/kW, sbr. E-lið	600.0	21 240.00
—	Árgjald = mæligjald, 3-fasa mælir, á ..	600.0	21 210.00
—	Árgjald = mæligjald, 1-fasa mælir, á ..	300.0	10 620.00

Lágmark fyrir B1: 5000 g/ári, sbr. E-lið, þar af B12 minnst 1500 g/ári.

B 2 Um kWst.-mæli:

B 21	Orkuverð, allt að 1200 kWst./ári, kWst. á	3.0	106.00
	Orkuverð, umfram 1200 kWst./ári, kWst. á	2.0	71.00
B 22	Árgjald = mæligjald, 3-fasa mælir, á ..	600.0	21 240.00
	Árgjald = mæligjald, 1-fasa mælir, á	300.0	10 620.00

C. TÍMATAXTAR.**C 1 Um kWst.-mæli til hitunar:**

C 11	Án rofs kWst. á	0.6027	21.33
C 12	Allt að 1½ klst. rof á sólarhring kWst. á	0.3359	11.89
C 13	Allt að 2½ klst. rof á sólarhring kWst. á	0.3162	11.19
C 14	Allt að 4½ klst. rof á sólarhring kWst. á	0.2569	9.09
C 15	Allt að 14½ klst. rof á sólarhring kWst. á	0.1778	6.29

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar skv. E-lið.

Taxtar C 1 eru án söluskatts og verðjöfnunargjalds sem innheimtist ekki af rafmagni til húshitunar.

Aðrir tímataxtar er til greina kunna að koma, falla undir D-lið.

Verðákvæði 2. kafla. Tengigjöld verða þannig:

1 Gjald- skrár- liður	2 Málstraumur stofnvara í		3 Flutningsgeta skv. stærð stofnvara eða spennis	4 Tengigjald skv. jöfnu $g = 3600 + 130 \times \text{kVA}$ Gjaldstig g		Tengi- gjald kr.
	220 V kerfi A	380 V kerfi A		kVA	g	
T 1	2 × 60	1 × 60	0.22 × 60 =	13	5 360	189 744
T 2	3 × 60		0.38 × 60 =	22	6 570	232 578
T 3	3 × 100	3 × 60	0.38 × 100 =	38	8 730	309 042
T 4		3 × 100	0.66 × 100 =	66	12 510	442 854
T 5	3 × 200		0.38 × 200 =	76	13 860	490 644
T 6	3 × 350	3 × 200	0.66 × 200 =	132	21 420	758 268
T 7		3 × 350	0.66 × 350 =	231	34 780	1 231 212
T 8				300	44 100	1 561 140
T 9				500	71 100	2 516 940
T 10				800	111 600	3 950 640

Önnur gjöld skv. gjaldskránni breytast í samræmi við framangreint verð á gjaldstigi.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með skv. Vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 10. maí 1980, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 231/1980.

Iðnaðarráðuneytið, 4. júlí 1980.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

4. júlí 1980.

Nr. 342.

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Siglufjarðar.

I. RAFORKA.

1. Lýsing.

1.1 Orka til almennrar lýsingar kr. 95.45 á kWst.

2. Heimilisnotkun.

2.1 Orka til almennrar heimilisnotkunar svo og sjúkrahúsa, vistheimila, hótela og hliðstæðra stofnana kr. 43.00 á kWst.

3. Vélanotkun.

3.1 Orka til véla og mannvirkjagerðar kr. 95.45 á kWst.

3.2 Orka samkv. 15 mínútna meðalafli mælingu, lágmark 20 kW — 15.35 á kWst.
Aflgjald með lýsingu — 63 434.00 kw á ári

3.3 Ef um mikla orkunotkun er að ræða, svo sem til frystihúsa og kaupandinn skuldbindur sig til að kaupa 20 000 kWst. á ári hið minnsta, má selja orkuna um kWst.-mæli þannig:
Fyrir fyrstu 20 000 kWst. ársnotkun kr. 49.28 hverja kWst.
Fyrir næstu 80 000 kWst. ársnotkun — 32.79 hverja kWst.
Fyrir umfr. 100 000 kWst. ársnotkun — 30.13 hverja kWst.

4. Hitun.

4.1 Orka til húshitunar, roftími 2x1.5 klst. á dag .. kr. 15.37 á kWst.

4.2 Orka til hitunar í iðnaði roftími 2x1.5 klst. á dag — 21.67 á kWst.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til upphitunar:

- Að vélaafl, linur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
- Að tæki, lagnir og búnaður í sambandi við rafmagnsupphitunina séu samkv. fyrir-mælum rafveitunnar.
- Að hús, sem fá leyfi fyrir rafmagnsupphitun, fullnægi lágmarkskröfum, sem rafveitan setur um einangrun.